

REGLUGERÐ

um vörslu og tollmeðferð vöru.

I. KAFLI

Tollhafnir og tollafgreiðslutími.

1. gr.

Tollhafnir.

Tollhafnir eru á eftirtöldum stöðum: 1. Reykjavík, 2. Grundartanga, 3. Akranesi, 4. Grundarfirði, 5. Ísafirði, 6. Skagaströnd, 7. Sauðárkróki, 8. Siglufirði, 9. Akureyri, 10. Húsavík, 11. Vopnafirði, 12. Seyðisfirði, 13. Neskaupstað, 14. Eskifirði, 15. Reyðarfirði, 16. Egilsstöðum, 17. Höfn í Hornafirði, 18. Vestmannaeyjum, 19. Þorlákshöfn, 20. Keflavík, 21. Keflavíkurflugvelli, 22. Hafnarfirði og 23. Kópavogi.

2. gr.

Almennur afgreiðslutími.

Almennur afgreiðslutími hjá tollstjórum vegna aðkomu eða brottfarar skipa og flugvéla, sem eru í förum milli Íslands og annarra landa, er frá kl. 07 til 18 virka daga.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal almennur afgreiðslutími á Keflavíkurflugvelli vera frá kl. 05 til kl. 18 alla daga ársins.

II. KAFLI

Farmskrá, sendingarnúmer, uppskipting sendinga o.fl.

Farmskjöl.

3. gr.

Stjórnendur fara í utanlandsferðum og eigendur eða umráðamenn, eftir því sem við á, bera ábyrgð á að farmskrá og önnur tilskilin farmskjöl og skýrslur er varða farm og vörur sem teknar eru til flutnings séu gerðar og afhentar viðkomandi tollstjóra við komu eða brottför. Erlend herför eru þó undanþegin, enda verði ekki affermdar úr þeim tollskyldar vörur.

Farmskrá og önnur farmskjöl skulu vera rafræn. Þó getur tollstjórinn í Reykjavík ákveðið að heimilt sé að afhenda þau á pappír ef hann metur það óhjákvæmilegt.

Þeir sem afhenda farmskjöl skv. 1. mgr. bera ábyrgð á röngum og ófullnægjandi upplýsingum hafi þeir vitað eða mátt vita að upplýsingar væru rangar eða ófullnægjandi.

4. gr.

Færa skal á farmskrá farm og allar vörur sem far í utanlandsferðum tekur til flutnings. Sama gildir um inn- og útflutning á skipum og flugförum. Fylgífé fars, vistir og aðrar nauðsynjar til notkunar í því og almennur farangur áhafnar og farþega er undanþegið skráningu á farmskrá.

5. gr.

Upplýsingar sem greina skal í farmskrá eru sem hér segir:

1. Upplýsingar um farið o.fl.:

- a. Heiti fars eða auðkenni, t.d. flugnúmer.
- b. Þjóðerni fars.
- c. Nafn farmflytjanda eða umboðsmanns hans.
- d. Fyrsti komustaður fars hér á landi eða brottfararstaður, eftir því sem við á.

2. Upplýsingar um einstakar sendingar:

- a. Affermingar- eða útskipunarhöfn og -land.
- b. Ákvörðunarstaður.
- c. Nafn, kennitala og heimilisfang innflytjanda/útflytjanda hér á landi.
- d. Nafn og heimilisfang viðtakanda/sendanda í útlöndum.
- e. Farmskráarnúmer.
- f. Sendingarnúmer, sbr. 7. gr.
- g. Vörulýsing.
- h. Stykkjatala og tegund umbúða.
- i. Merki og númer á umbúðum.
- j. Þyngd og rúmmál.
- k. Gámanúmer og númer farmverndarinnsglis vegna útflutnings, sbr. 15. gr. reglna um farmvernd, nr. 529/2004.
- l. Kóði geymslusvæðis, þar sem vara verður geymd, ef við á.

Farmskrá skulu fylgja upplýsingar um fjölda sendinga og samtölu stykkja í sendingum og samtölu þyngdar sendinga á farmskrá skv. 1. mgr., bæði í heild og frá hverjum hleðslustað til hvers losunarstaðar.

Tollstjórinn í Reykjavík setur nánari reglur um þær upplýsingar sem, skv. 1. mgr., eiga að koma fram í farmskrá.

6. gr.

Auk farmskrár ber stjórnandi fars ábyrgð á að eftirtalin skjöl séu gerð og afhent viðkomandi tollstjóra við komu til landsins:

1. Skrá yfir forða og nauðsynjar til neyslu og notkunar áhafnar og farþega í fari, þ.m.t. vörur til viðhalds og viðgerðar fars. Magn hverrar vörutegundar skal tilgreint.
2. Skrá yfir skipverja eða flugverja í fari og vörur sem þeir hafa meðferðis frá borði að frátöldum venjulegum ferðanauðsynjum sem þeir höfðu með sér héðan til útlanda enda hafi vöurnar ekki verið færðar á farmskrár. Áhafnarmeðlimir skulu undirrita skrána og teljast með undirritun sinni hafa gefið til kynna að þeir hafi engar aðrar vörur meðferðis sem þeim ber að gera tollyfirvöldum grein fyrir.

Sendingarnúmer.

7. gr.

Sendingarnúmer eru auðkennisnúmer vörusendinga í farm- og tollskjölum.

Farmflytjendur skulu gefa vörusendingum sem þeir flytja til og frá landinu einkvæm sendingarnúmer. Þau skulu vera samsett sem hér segir:

1. Fyrstur er bókstafur sem táknar farmflytjanda. Honum er úthlutað af tollstjóranum í Reykjavík.
2. Síðan koma þrír bókstafir og/eða tölustafir sem skammstöfun á heiti flutningsfars.
3. Þá koma fimm tölustafir fyrir komu- eða brottfarardag, mánuð og ár. Fyrstu tveir stafirnir tákna daginn, næstu tveir mánuðinn og sá fimmti táknar síðasta staf ártals.
4. Næstir koma tveir stafir fyrir hleðsluland samkvæmt LOCODE-staðli.
5. Því næst þrír stafir fyrir hleðslustað samkvæmt LOCODE-staðli.
6. Þá koma fjórir stafir sem eru farmskráarnúmer, ef um er að ræða sjófragt, og innfærslunúmer, ef um er að ræða flugfragt. Komi til uppskiptingar sendingar skal þó nota auðkenni samkvæmt nánari fyrirmælum tollstjórans í Reykjavík.
7. Aftasti stafurinn er vartala til prófunar.

Sendingarnúmer skulu vera í óslitinni töluröð miðað við hvern hleðslustað og tegund farmbréfa.

Uppskipting sendinga.

8. gr.

Farmflytjendum, sem eiga lögheimili hér á landi, er heimilt að skipta vörusendingu sem kemur til landsins á einu farmbréfi á fleiri farmbréf að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- a. Fyrir liggi sjálfstæðir vörureikningar og flutningsgjaldareikningur að baki hverju farmbréfi.
- b. Skipting leiði ekki til breyttrar tollflokunar.
- c. Útgefið sé farmbréf og sendingarnúmer fyrir hvern sendingarhluta.
- d. Farmflytjandi tilkynni tollstjóra um uppskiptingar með þeim hætti sem tollstjórinn í Reykjavík ákveður.

Aðilum, sem eiga lögheimili hér á landi og hafa fengið til þess umboð viðkomandi farmflytjanda, er heimilt að skipta sendingum að uppfylltum skilyrðum 1. mgr.

9. gr.

Farmflytjendum, sem eiga lögheimili hér á landi, er heimilt að skipta safnsendingum, þ.e. sendingum sem fluttar eru til landsins á einu aðalfarmbréfi og tilheyrandi undirfarmbréfum, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- a. Fyrir liggi sjálfstæðir vörureikningar og flutningsgjaldsreikningar að baki hverju undirfarmbréfi.
- b. Skipting leiði ekki til breyttrar tollflokunar.
- c. Undirfarmbréf og sendingarnúmer fyrir hvern sendingarhluta í safnsendingu hafi verið gefin út.
- d. Farmflytjandi tilkynni tollstjóra um uppskiptingar með þeim hætti sem tollstjórinn í Reykjavík ákveður.

Aðilum, sem eigi lögheimili hér á landi og hafa annaðhvort fengið til þess umboð viðkomandi farmflytjanda eða hafa vörslu viðkomandi sendingar, er heimilt að skipta safnsendingum að uppfylltum skilyrðum 1. mgr.

Aðrar breytingar á farmskjölum.

10. gr.

Aðrar breytingar eða leiðréttingar á farmskrá eða farmskjölum en um ræðir í þessum kafla eru háðar samþykki tollstjóra í umdæmi þar sem varan er geymd.

Hafi breyting eða leiðrétting í för með sér breyttar forsendur við álagningu aðflutningsgjalda getur tollstjóri krafist þess að fullnægjandi gögn séu lögð fram til staðfestingar á réttmæti þeirra.

III. KAFLI

Varsla ótollafrageiddrar vöru.

11. gr.

Tegundir geymslusvæða og megineinkenni.

Með geymslusvæðum fyrir ótollafrageiddar vörur er átt við eftirtalдар vöruheymslur og önnur geymslusvæði:

1. Afgreiðslugeymslur, sem reknar eru af tollmiðlurum eða skipa- og flugfélögum, sem stunda vöruflutninga milli Íslands og annarra landa, þar sem geyma má ótollafrageiddar vörur í allt að 6 mánuði frá komu flutningsfars til landsins.
2. Tollvöruheymslur, sem reknar eru af aðilum sem veita öðrum þá þjónustu sem felst í starfsemi tollvöruheymslu, þar sem geyma má ótollafrageiddar vörur án tímatakmarkana, taka út einstaka sendingarhluta og óveruleg aðvinnsla vöru er heimil, svo sem umpökkun, merking, samsetning, prófun og þrif, enda verði hvorki úttekt né aðvinnsla til þess að tollflokun vörunnar breytist.
3. Tollfrjálsar forðageymslur, þar sem geyma má vistir, búnað og annan forða fyrir för í utanlandsferðum, auk varnings sem ætlaður er til sölu um borð í þeim.
4. Tollfrjálsar verslanir í flugstöðvum og á hafnarsvæðum og birgðageymslur þeirra, þar sem heimilt er að selja farþegum og áhöfnum millilandaafara ótollafrageiddar vörur við komu og brottför.
5. Frísvæði, þar sem nota má ótollafrageiddar vörur við hvers kyns aðvinnslu og iðnað.

Ef sérstaklega stendur á, getur tollstjóri heimilað að ótollafrgreidd vara sé um skamman tíma geymd utan viðurkenndra geymslusvæða, enda liggi fyrir að ekkert viðurkennt geymslusvæði sé tiltækt, verulegt óhagræði eða kostnaður myndi fylgja því fyrir innflytjanda ef leyfi verður ekki veitt og tollstjóri telji vörslu vörunnar nægilega tryggja.

12. gr.

Leyfisveiting.

Fjármálaráðherra veitir leyfi til starfrækslu tollvöruheymisla, tollfrjálsra forðageymisla, tollfrjálsra verslana og frísvæða. Tollstjórinn í Reykjavík veitir starfsleyfi vegna afgreiðslugueymisla.

Leyfi til að starfrækja vöruheymislar fyrir ótollafrgreiddar vörur og önnur geymslusvæði skal einungis veita lögaðilum.

13. gr.

Umsóknir um leyfi, atriði sem þar skal greina og fylgigögn.

Umsóknir um starfsleyfi vöruheymisla skv. 12. gr. skulu vera skriflegar, þar sem fram komi upplýsingar um eftirfarandi:

1. Nafn umsækjanda og kennitölur og lögheimili stjórnarmanna og daglegs stjórnanda.
2. Upplýsingar um hvers konar geymslusvæði sótt er um leyfi fyrir.
3. Yfirlýsing forráðamanns, stjórnarformanns, framkvæmdastjóra eða prókúruhafa, um að fullnægt sé eða fullnægt verði þeim skilyrðum sem viðkomandi starfsemi eru sett.

Umsókn skulu fylgja eftirtalin gögn:

1. Greinargerð með ítarlegri lýsingu á fyrirhugaðri starfsemi og starfsskipulagi, tilhögun bókhalds, tölvubúnaði vegna birgðabókhalds, vörslu gagna, innra eftirliti og aðstöðu til tollefirlits. Vegna umsókna um leyfi til reksturs tollvöruheymisla, tollfrjálsrar forðageymisla og frísvæða þurfa að koma fram nauðsynlegar upplýsingar um umfang fyrirhugaðrar starfsemi, þ.m.t. áætlanir um tollverð þeirra vara sem ætla má að verði geymdar á viðkomandi geymslusvæði á hverjum tíma svo unnt sé að meta fjárhæð tryggingar sem setja þarf vegna þeirra aðflutningsgjalda sem leyfishafi getur orðið ábyrgur fyrir, sbr. 17. gr.
2. Teikningar af mannvirkjum og lóð, ef við á, sem ætluð eru til starfseminnar.
3. Búsforræðisvottorð og sakavottorð stjórnarmanna og daglegs stjórnanda.
4. Starfsleyfi til tollmiðlunar, ef tollmiðlari sækir um starfsleyfi fyrir afgreiðslugueymislu.

14. gr.

Skráning.

Leyfishafar skulu halda skrár yfir vörur á geymslusvæðum.

Skráning skal taka mið af eftirfarandi:

1. Í afgreiðslugueymislu séu skráðar upplýsingar samkvæmt farmskrá.
 2. Í tollvöruheymislu séu skráðar allar þær upplýsingar sem þurfa að liggja fyrir svo unnt sé að tollafrgreiða viðkomandi vörur. Sérhverri sendingu skal gefið innsetningarnúmer sem hún ber þar til henni hefur að fullu verið ráðstafað.
 3. Í tollfrjálsri forðageymislu, tollfrjálsri verslun og á frísvæði séu skráðar upplýsingar um innflytjanda eða umráðaaðila, eftir því sem við getur átt, ásamt heiti og tegund vara, magni, þyngd og verðmæti þeirra.
- Tollstjórinn í Reykjavík getur sett nánari fyrirmæli um skráningu samkvæmt þessari grein.

15. gr.

Úttekt úr tollfrjálsri forðageymislu.

Við úttekt úr tollfrjálsri forðageymislu skal miða við eftirfarandi:

1. Að vörurnar séu ætlaðar til notkunar, neyslu eða sölu um borð í fari í utanlandsferðum. Far telst vera í utanlandsferðum ef fyrir liggur að ferð þess er gerð til útlanda. Það gildir um skip meðan það er hér við land og flytur til innlendar hafnar vörur eða farþega sem það hefur flutt til landsins frá útlöndum eða vörur eða farþega sem það hefur tekið hérlendis til flutnings til útlanda. Sama á við um fiskiskip ef sýnt þykir, þegar það heldur til veiða, að siglt verði með aflann til útlanda í beinu framhaldi af veiðum.
2. Að úttekt sé takmörkuð við það sem talist getur hæfilegur forði miðað við stærð og gerð fars, fjölda í áhöfn, fjölda farþega og lengd ferðar. Við ákvörðun á hvað teljist hæfilegt magn áfengis og tóbaks til nota í skipum sem munu ljúka ferð hér á landi, skal taka mið af því magni sem áhöfn er heimilt að hafa með sér til landsins, án greiðslu aðflutningsgjalda, auk 200 stk. af vindlingum, eða samsvarandi magns af öðru tóbaki, miðað við hverja 7 daga af áætluðum ferðatíma.

16. gr.

Birgðabókhald.

Leyfishafar skulu færa rafrænt birgðabókhald þar sem skal vera hægt að sjá allar hreyfingar á vöru á eða af geymslusvæði og stöðu birgða á hverjum tíma. Rekjanleiki gagna skal vera tryggður og hvorki hægt að eyða né breyta færslum og skjölum. Færslur skulu bera með sér auðkenni bæði þess sem skráir og útstöðvar og hvenær færsla er skráð. Ákvæði laga um bókhald og reglur settar samkvæmt þeim skulu gilda eftir því sem við á um rafrænt birgðabókhald á geymslusvæði.

Leyfishafi skal sjá til þess að fyrir liggi greinargerð um birgðabókhaldskerfi þar sem fram komi nákvæmar upplýsingar um forsendur þess og eigindir og setja verklagsreglur til að tryggja öryggi kerfisins, m.a. með öryggisafritun.

Tollstjórinn í Reykjavík skal samþykkja vél- og hugbúnað sem notaður er við birgðabókhald. Getur hann áskilið að tollfyrirvöld hafi beinlínuaðgang að birgðabókhaldskerfi geymslusvæðis, ef hann metur það nauðsynlegt vegna tollefirlits.

17. gr.

Trygging.

Handhafi leyfis til reksturs tollvöruheymislu, tollfrjálsrar forðageymislu eða frísvæðis skal setja rikissjóði tryggingu sem nemur 3% af tollverði vara sem ætlað er að verði geymdar á viðkomandi geymslusvæði á hverjum tíma, þó að lágmarki kr. 50.000.000 vegna reksturs tollvöruheymisla og frísvæða og kr. 10.000.000 vegna tollfrjálsra forðageymisla.

Trygging má vera í formi ábyrgðar viðskiptabanka eða sparissjóðs eða ábyrgðartryggingar váttryggingafélags. Í ábyrgðar- eða tryggingarskilmálum skal vera yfirlýsing um að ábyrgðar- eða tryggingaraðili taki skilyrðislaust ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda, dráttarvaxta og annars kostnaðar sem leiða kann af því að vara fær ekki rétta tollmeðferð lögum samkvæmt og muni greiða að kröfu tollstjóra þá fjárhæð sem vangreidd er ásamt dráttarvöxtum og kostnaði. Trygging skal vera ótímabundin en uppsegjanleg með minnst þriggja mánaða fyrirvara.

Endurskoða má á hverjum tíma fjárhæð tryggingar að frumkvæði leyfisveitanda eða leyfishafa.

Ábyrgðar- eða tryggingarskilríki, svo og skilríki vegna breytinga sem á þeim kunna að vera gerðar vegna breytinga á ábyrgðar- eða tryggingaraðila eða tryggingarfjárhæð, skulu afhent viðkomandi tollstjóra til varðveislu.

Óheimilt er að hefja rekstur tollvöruheymislu, tollfrjálsrar forðageymislu og frísvæðis fyrr en viðkomandi tollstjóra hefur verið afhent ábyrgðar- eða tryggingarskilríki samkvæmt þessari grein.

18. gr.

Innra eftirlit.

Stjórnarmenn leyfishafa bera ábyrgð á að innra eftirlitskerfi sé traust og skilvirkt og veiti hæfilega vissu um að farið sé eftir þeim lögum og reglum sem gilda um starfsemina og að uppfylltar séu þær kröfur sem að geymslusvæðunum lúta í tengslum við meðferð og vörslu ótollaangreiddra vara. Þeir skulu gera sér grein fyrir þeim áhættum sem steðja að starfseminni, tryggja að þær séu greindar og metnar og að við þeim sé brugðist.

Innra eftirlitskerfið skal endurmetið reglulega og bætt úr þeim veikleikum sem kunna að koma í ljós.

Innra eftirlitskerfið skal vera skjalfest.

IV. KAFLI

Tollmiðlarar.

19. gr.

Veiting starfsleyfis til tollmiðlunar.

Tollstjórinn Reykavík veitir lögaðila starfsleyfi til tollmiðlunar.

Umsókn um starfsleyfi tollmiðlara skal vera skrifleg þar sem fram koma upplýsingar um nöfn, kennitölur og lögheimili umsækjanda, stjórnarmanna og daglegs stjórnanda.

Umsókn skulu fylgja:

1. Búsforræðisvottorð og sakavottorð stjórnarmanna og daglegs stjórnanda.
2. Greinargerð um starfsemina þar sem fram koma upplýsingar um fyrirhugað starfsskipulag og hvar og hvernig fyrirhugaðri starfsemi verður sinnt, þ.m.t. bókhaldi, vörslu gagna, innra eftirliti og nöfnum þeirra starfsmanna sem fullnægja skilyrðum 4. tölul. 2. mgr. 48. gr. tollalaga.
3. Vottorð um gildar tryggingar skv. 20. gr. ætli tollmiðlari að miðla hraðsendingum.

20. gr.

Tryggingar vegna hraðsendinga.

Tollmiðlari, sem miðlar hraðsendingum, skal setja ríkissjóði tryggingu sem afhent skal tollstjóra þar sem hann á lögheimili. Tollmiðlari ákveður fjárhæð tryggingar sem jafnframt er hámark þeirrar fjárhæðar aðflutningsgjalda sem heimilað verður að skuldfæra hjá honum, í stað þess að trygging sé sett fyrir hverja sendingu. Trygging skal þó aldrei vera lægri en 5 milljónir króna.

Trygging skv. 1. mgr. má vera í formi ábyrgðar viðskiptabanka eða sparisjóðs eða ábyrgðartryggingar váttryggingafélags. Í ábyrgðar- eða tryggingarskilmálum skal vera yfirlýsing um að ábyrgðar- eða tryggingaraðili taki skilyrðislaust ábyrgð á greiðslu tiltekinnar fjárhæðar aðflutningsgjalda, sbr. 1. mgr., ásamt dráttarvöxtum og öðrum kostnaði sem leiða kann af því að vara fær ekki rétta tollmeðferð lögum samkvæmt. Trygging skal vera ótímabundin en uppsegjanleg með minnst þriggja mánaða fyrirvara.

21. gr.

Innra eftirlit hjá tollmiðlurum.

Ákvæði 18. gr. gilda, að breyttu breytanda, um innra eftirlit hjá tollmiðlurum.

22. gr.

Varðveisla tollmiðlara á fylgiskjölum tollskýrslu.

Tollmiðlara er heimilt að varðveita skrifleg gögn sem um ræðir í 2. málsl. 2. mgr. 29. gr. tollalaga á rafrænan hátt. Viðkomandi gagnamiðill skal geymdur með öruggum hætti, læsileiki hans skal tryggður og fljótlegt skal vera að finna fylgiskjöl á gagnamiðlinum þegar þörf er á.

Fylgiskjöl með tollskýrslu skulu bera með sér tilvísun til viðkomandi tollskýrslu hvort sem fylgigögnin eru geymd á pappír eða með rafrænum hætti.

V. KAFLI

Tollafgreiðsla innflutnings- og útflutningsvöru.

Almennt.

23. gr.

Inntak tollafgreiðslu o.fl.

Vörur sem fluttar eru til og frá landinu skulu fá tollafgreiðslu í samræmi við tollalög og stjórnvaldsfyrirmælum settum samkvæmt þeim.

Tollafgreiðsla vöru er fólgin í að ljúka þeim formsatriðum sem áskilin eru í lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum til þess að heimilt sé að afhenda vöru til nota innanlands, til umflutnings eða til útflutnings.

Tollafgreiðsla er þá fyrst heimil þegar nauðsynlegar farmskrárupplýsingar um viðkomandi vöru hafa verið skráðar í tölvukerfi tollyfirvalda.

Vegna tollafgreiðslu vöru til notkunar innanlands er áskilið að flutningsfar hafi tekið höfn.

Vörur sem skráðar eru í einu sendingarnúmeri skulu teknar til tollafgreiðslu í einu lagi, nema annað sé heimilt skv. 8. gr. og 9. gr. eða vörurnar hafa verið fluttar í tollvöruheymslu, í tollfrjálsa verslun, í tollfrjálsa forðageymslu eða á frísvæði.

24. gr.

Tollafgreiðslustaður.

Tollstjóri í því umdæmi þar sem flytja á vöru úr flutningsfari samkvæmt farmskrá skal annast tollafgreiðslu hennar, nema vara sé framsend ótollafgreidd í annað umdæmi.

Tollstjóri þar sem vara er flutt í flutningsfar annast tollafgreiðslu hennar til útflutnings.

25. gr.

Tollskýrslur.

Tollmiðlarar og þeir, sem stunda innflutning og útflutning á vörum í atvinnuskyni, skulu láta tollstjóra tollskýrslur í té með rafrænum hætti. Öðrum er heimilt að afhenda tollstjóra tollskýrslur á pappír.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er innflytjendum sem flytja inn 12 sendingar eða færri á ári heimilt að láta tollstjóra í té aðflutningsskýrslur á pappír. Jafnframt er innflytjendum heimilt að skila einfölduðum aðflutningsskýrslum á pappír, sbr. 47. gr.

Tollskjöl.

26. gr.

Form og efni tollskýrslna.

Tollstjórinn í Reykjavík ákveður form og efni tollskýrslna.

Í tollskýrslu skulu koma fram upplýsingar um þau atriði sem nauðsynleg eru vegna álagningar og innheimtu aðflutningsgjalda og tollframkvæmdarinnar að öðru leyti, svo og þær upplýsingar sem tollyfirvöldum er falið að afla lögum samkvæmt.

27. gr.

Fylgiskjöl tollskýrslna.

Fylgiskjöl með tollskýrslum, skv. 28. gr. tollalaga, skulu liggja fyrir í frumriti eða eftir atvikum samriti þegar tollskýrsla er látin tollstjóra í té.

28. gr.

Vörureikningur og innleggsreikningur.

Upplýsingar um eftirtalin atriði skulu koma fram á vörureikningi:

1. Nafn og heimili seljanda (sendanda).
2. Nafn og heimili kaupanda (viðtakanda).
3. Útgáfustað og útgáfudag.
4. Fjölda stykkja, tegundir umbúða, þyngd sendingar, merki og númer.
5. Vörur á vörureikningi, tegund þeirra, gerð og magn (fjölda, þyngd eða mál eftir atvikum).
6. Söluverð hvernar vörutegundar og þá mynt sem verð hennar er tilgreint í.
7. Greiðsluskilmála, greiðsluskilyrði og afhendingarskilyrði, afslátt og annan frádrátt og ástæður fyrir því að afsláttur er veittur og afdráttur er gerður.

8. Fjöldi vörureikninga yfir vörur í sendingu skal tilgreina á öllum vörureikningum sem gefnir eru út vegna vara í sendingunni.

Tollskrárnúmer samkvæmt íslensku tollskránni skulu færð inn á vörureikning áður en tollskýrslur eru látnar tollstjóra í té. Í stað þess að færa tollskrárnúmer inn á vörureikning er viðkomanda heimilt að útbúa fylgiskjal með vörureikningi um vörutegundir miðað við tollflokka og verðmæti.

Á innleggsreikningi (kreditreikningi) vegna vöru sem skilað er til seljanda skulu koma fram sömu upplýsingar um vöruna og komu fram í upphaflegum reikningi auk tilvísunar til hans.

29. gr.

Tollverðsskýrsla.

Tollstjóri getur ákveðið að tollverðsskýrsla sé látin í té þegar verð sem tilgreint er í vörureikningi er ekki viðskiptaverð vöru eða í öðrum tilvikum telji hann slíkt nauðsynlegt.

Tollstjórinn í Reykjavík ákveður form tollverðsskýrslu.

Rafrænar tollafgreiðslur.

30. gr.

Umsókn um leyfi til SMT- og VEF-tollafgreiðslu.

Tollstjóri í því umdæmi þar sem umsækjandi á lögheimili veitir leyfi til SMT- og VEF-tollafgreiðslu.

Tollstjórinn í Reykjavík ákveður form umsóknar um leyfi til SMT- og VEF-tollafgreiðslu og þau atriði sem hann telur þörf á að tilgreind séu í umsókn með vísan til 24. gr. tollalaga.

Verði breytingar síðar á þeim upplýsingum sem fram koma í umsókn, skal það þegar tilkynnt þeim tollstjóra sem veitti leyfið.

31. gr.

Leyfi til SMT- og VEF-tollafgreiðslu.

Leyfi til SMT- eða VEF-tollafgreiðslu gildir í öllum tollumdæmum landsins.

Leyfishafa er óheimilt að hefja rafræna tollafgreiðslu fyrr en hann hefur fengið lykilorð að gagnahólfi sem skráð er á hans nafn vegna SMT-tollafgreiðslu eða lykilorð sem tollstjórinn í Reykjavík úthlutar vegna VEF-tollafgreiðslu og embættið hefur veitt heimild til þess að gagnaflytningur milli tölvukerfis leyfishafa og tölvukerfis tollfyrvalda fari fram.

32. gr.

Staðfesting tollafgreiðslu.

Tollstjóri sendir leyfishafa og vörsluhafa tilkynningar um að afhenda megi vöru til notkunar innanlands og hliðstæðar tilkynningar vegna vöru til útflutnings.

33. gr.

Skuldfærsla aðflutningsgjalda við SMT- og VEF-tollafgreiðslu.

Við rafræna tollafgreiðslu skulu aðflutningsgjöld skuldfærð hjá innflytjanda eða eftir atvikum tollmiðlara.

Um leið og leyfishafi til SMT- eða VEF-tollafgreiðslu lætur tollstjóra tollskýrslu í té samþykkir hann að aðflutningsgjöld af þeirri vöru sem tollskýrslan tekur til verði skuldfærð hjá honum.

Tollmiðlari getur óskað eftir því í tollskýrslu að aðflutningsgjöld verði skuldfærð á innflytjanda enda hafi hann til þess umboð.

Tollafgreiðslur á pappír.

34. gr.

Framlagning fylgiskjala með skriflegum tollskýrslum.

Í þeim tilvikum þegar heimilt er að afhenda tollstjóra skriflega tollskýrslu, sbr. 25. gr., skulu fylgja henni viðeigandi fylgiskjöl í frumriti eða afriti, enda leiði ekki annað af alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.

Tollstjóri getur jafnan áskilið að innflytjandi eða útflytjandi framvísi frumriti eða samriti umræddra skjala.

Sérákvæði um póstsendingar.

35. gr.

Skráning upplýsinga um póstsendingar.

Póstrekandi skal færa í tölvukerfi skrá yfir sendanda, viðtakanda, vörusendingu, s.s. verðmæti, vörutegund og þyngd póstsendingar sem taka skal til tollmeðferðar skv. 36. gr. Tollstjórar skulu hafa aðgang að tölvukerfi póstreka, eftir því sem þörf er á vegna tollheimtu og tollleftirlits.

Tollstjórinn í Reykjavík setur nánari fyrirmæli um skráningu upplýsinga skv. 1. mgr. og skil póstreka á upplýsingum til tollyfirvalda.

36. gr.

Flokkun póstsendinga til tollmeðferðar.

Taka skal til tollmeðferðar póstsendingar sem hér segir:

1. Póstsendingar sem koma erlendis frá og ætla má að hafi að geyma vörur sem ber að greiða af aðflutningsgjöld, vörur sem háðar eru sérstökum innflutningstakmörkunum eða vörur sem háðar eru innflutningsbanni.
2. Póstsendingar sem ætlaðar eru viðtakendum í útlöndum og hafa að geyma vörur sem fluttar eru út í atvinnuskyni.

Tollstjóri ákveður hvernig staðið skuli að flokkun póstsendinga til tollmeðferðar skv. 1. mgr.

37. gr.

Smásendingar.

Póstrekanda er heimilt að nota sérstakt skýrsluform fyrir smásendingar sem tollstjórinn í Reykjavík skal samþykkja.

Smásendingar skv. 1. mgr. eru póstsendingar sem einungis hafa að geyma vörur sem eru að tollverði eigi yfir kr. 30.000, enda séu þær ekki fluttar inn í atvinnuskyni. Til smásendinga teljast ekki vörur sem eru háðar innflutningstakmörkunum eða -banni.

Vörur í smásendingum má flokka saman í tollskrárnúmer samkvæmt nánari ákvörðun tollstjórans í Reykjavík.

Póstrekanda er heimilt að flytja smásendingu á það heimilisfang sem sendandi tilgreinir gegn því að viðtakandi veiti henni viðtöku með undirritun sinni á tollskýrslu skv. 1. mgr. og greiðslu aðflutningsgjalda.

Tollstjórinn í Reykjavík setur fyrirmæli um skil póstreka á aðflutningsgjöldum af smásendingum í rikissjóð.

38. gr.

Afhending póstsendinga án tollskýrslu.

Heimilt er afhenda póstsendingar sem sendar eru erlendis frá og hafa einungis að geyma neðangreindar vörur til viðtakenda án þess að tollskýrslur séu gerðar:

1. Vörur sem eru undanþegnar aðflutningsgjöldum og hvorki háðar sérstökum innflutningsskilyrðum né innflutningsbanni, t.d. tollfrjálsar gjafir, sýnishorn og annað sem hefur ekki viðskiptalegt gildi.
2. Blöð og tímarit sem falla undir reglugerð nr. 336/1993, um innheimtu virðisaukaskatts af blöðum og tímaritum sem send eru í áskrift erlendis frá í pósti.

3. Gagnamiðlar, sendir samkvæmt þjónustusamningi eða án endurgjalds, sem ætlaðir eru til þróunar, hönnunar, prófunar, leiðréttingar eða uppfærslu hugbúnaðar eða eru eingöngu hæfir til kynningar.
4. Gagnamiðlar, sendir í tengslum við kaup viðtakanda á rétti til að nota stöðluð tölvuforrit fyrir fleiri notendur eða kaupa á hugbúnaði sem sérstaklega er framleiddur og aðlagður að séróskum kaupanda, enda sé um að ræða hugbúnaðarþjónustu sem talin er upp í 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988, viðtakandi hafi verið skráður skv. 5. gr. laganna og gæti talið virðisaukaskatt vegna kaupanna til innskatts skv. 3. og 4. mgr. 15. gr. og 1. mgr. 16. gr. laganna.

Gagnamiðlar, sem hafa að geyma hugbúnað sem 3. og 4. tölul. 1. mgr. taka til, teljast vera nauðsynlegur og óaðskiljanlegur hluti af hugbúnaðarþjónustunni.

39. gr.

Opnun póststarfsmanna á póstsendingum til þess að afla vörureikninga o.fl.

Póststarfsmanni er heimilt, undir eftirliti tollvarðar, að opna póstsendingu sem kemur erlendis frá í því skyni að afla vörureiknings til að byggja á útreikning aðflutningsgjalda, sbr. 2. mgr. 48. gr. laga nr. 19/2002 um pósthjónustu, ef viðtakandi hefur gefið póstrekkanda skriflega heimild til þess. Um þagnarskyldu póststarfsmanna fer eftir lögum um pósthjónustu.

Póstsending sem póststarfsmaður opnar skv. 1. mgr. skal sérstaklega auðkennd.

40. gr.

Einfaldaðar útflutningsskýrslur vegna póstverslunar.

Tollstjóri getur heimilað einstaklingum og lögaðilum, sem stunda póstverslun, að skila einni útflutningsskýrslu yfir útfluttar sendingar á hverju tveggja mánaða tímabili, þ.e. janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október og nóvember og desember, að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

1. Um sé að ræða póstverslun til einstaklinga.
2. Söluverðmæti hvernar sendingar sé að hámarki 30.000 kr.

Leyfishafi skal láta tollstjóra í té útflutningsskýrslu yfir sendingar á hverju uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr., með rafrænum hætti eigi síðar en 15. dag næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

Leyfishafi skal varðveita lista yfir útfluttar sendingar á hverju uppgjörstímabili sem fylgiskjal með útflutningsskýrslu.

Tollstjórinn í Reykjavík setur nánari fyrirmæli um framkvæmd samkvæmt þessari grein.

Sérákvæði um hraðsendingar.

41. gr.

Skráning upplýsinga um hraðsendingar.

Tollmiðlari skal færa í tölvukerfi skrá yfir innflytjanda, sendanda, vörusendingu, s.s. verðmæti, vörutegund og þyngd hraðsendingar áður en hún er afhent til viðtakanda. Tollstjórar skulu hafa aðgang að tölvukerfi tollmiðlara eftir því sem þörf er á vegna tollheimtu og tolleftirlits.

Tollstjórinn í Reykjavík setur nánari fyrirmæli um skráningu upplýsinga skv. 1. mgr. og skil tollmiðlara á upplýsingum til töllyfirvalda.

42. gr.

Flokkun hraðsendinga.

Hraðsendingar skulu við ákvörðun aðflutningsgjalda flokkaðar sem hér segir:

1. Eftirfarandi sendingar, enda beri flutningsskjöl eða fylgiskjöl með sér að um slíkar sendingar sé að ræða:
 - a. Verðlaus sýnishorn sem hafa ekki viðskiptalegt gildi.
 - b. Hugbúnaðargögn sem send eru án endurgjalds og ætluð eru til þróunar eða hönnunar hugbúnaðar, prófunar, leiðréttingar, uppfærslu eða eru eingöngu nothæf til kynningar.
 - c. Verðlaus bréf, bæklingar og prentuð gögn sem hafa ekki neitt viðskiptalegt gildi.
 - d. Ritað mál sem undanþegið er virðisaukaskatti skv. 3. mgr. 36. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.
2. Sendingar sem eru að fob-verðmæti undir 2.000 kr., en geta ekki fallið undir 1. tölul., enda sé innflytjandi skráður skv. 5. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.
3. Sendingar sem eru að fob-verðmæti undir 2.000 kr., en geta ekki fallið undir 1. tölul., enda sé innflytjandi ekki skráður skv. 5. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.
4. Aðrar sendingar.

43. gr.

Aðflutningsgjöld.

Um útreikning aðflutningsgjalda og skil á aðflutningsskýrslum vegna hraðsendinga skal fara sem hér segir:

1. Ekki skal reikna aðflutningsgjöld af vörum sem falla undir 1. tölul. 42. gr. Heimilt skal við fullnaðartollafgreiðslu að skila aðeins einni aðflutningsskýrslu í nafni tollmiðlara vegna allra sendinga sem þar falla undir.
2. Ekki skal reikna aðflutningsgjöld af vörum sem falla undir 2. tölul. 42. gr. Heimilt skal við fullnaðartollafgreiðslu að skila aðeins einni aðflutningsskýrslu í nafni tollmiðlara vegna allra sendinga sem þar falla undir. Þó skal reikna aðflutningsgjöld og skila aðflutningsskýrslu í samræmi við ákvæði 4. tölul. ef áfengi eða tóbaksvörur eru í sendingu.
3. Reikna skal 750 kr. í áætluð aðflutningsgjöld af vörum sem falla undir 3. tölul. 42. gr. Heimilt skal við fullnaðartollafgreiðslu að skila aðeins einni aðflutningsskýrslu í nafni tollmiðlara vegna allra sendinga sem þar falla undir. Þó skal reikna aðflutningsgjöld og skila aðflutningsskýrslu í samræmi við ákvæði 4. tölul. ef áfengi eða tóbaksvörur eru í sendingu.
4. Vegna annarra sendinga skal láta tollstjóra í té tollskýrslu og reikna aðflutningsgjöld með venjulegum hætti.

44. gr.

Sérstök innflutningsskilyrði.

Sé innflutningur vöru í hraðsendingu háður innflutningsskilyrðum skal tollmiðlari fullvissa sig um að þeim skilyrðum sé fullnægt áður en hann afhendir innflytjanda vöruna.

45. gr.

Afhendingarheimild tollstjóra.

Afhending hraðsendingar er háð leyfi tollstjóra.

46. gr.

Frestur til uppgjörs aðflutningsgjalda.

Uppgjör aðflutningsgjalda af hraðsendingum skal fara fram innan sjö daga frá afhendingu þeirra enda hafi þau ekki verið skuldfærð á tollmiðlara eða innflytjanda.

Sérákvæði um einfaldaðar aðflutningsskýrslur.

47. gr.

Innflytjanda er heimilt að láta tollstjóra í té einfaldari tollskýrslu, vegna sendinga sem fluttar eru til landsins á farmskrá og hafa einungis að geyma eftirtaldar vörur sem eru undanþegnar aðflutningsgjöldum enda séu viðkomandi vörur ekki háðar sérstökum innflutningstakmörkunum eða skráningu:

- a. Vörur til sendiráða, sendiræðismannsskrifstofa, sendierindreka og sendiræðismanna erlendra ríkja sem undanþegnar eru gjöldum skv. 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. tollalaga.
- b. Tilteknar skrifstofuvörur sem sendar eru kjöræðismönnum erlendra ríkja og undanþegnar eru gjöldum skv. 2. tölul. 1. mgr. 4. gr. tollalaga.
- c. Venjulegur farangur áhafnar fars sem undanþeginn er gjöldum skv. 2. tölul. 1. mgr. 6. gr. tollalaga.
- d. Venjulegur farangur ferðamanna sem orðið hefur viðskila við ferðamann svo og fatnaður og aðrar ferðanaúðsynjar manna sem látist hafa erlendis og undanþegið er gjöldum skv. 2. og 3. tölul. 1. mgr. 6. gr. tollalaga.
- e. Heimilismunir manna sem flytja búferlum hingað til lands og undanþegnir eru gjöldum skv. 4. tölul. 1. mgr. 6. gr. tollalaga.
- f. Heiðursmerki svo og verðlaun fyrir íþróttafrek og önnur afrek sem unnin eru erlendis og undanþegin eru gjöldum skv. 5. tölul. 1. mgr. 6. gr. tollalaga.
- g. Brúðargjafir og aðrar gjafir sem undanþegnar eru gjöldum skv. 8. tölul. 1. mgr. 6. gr. tollalaga.
- h. Notaðir munir sem hafa fallið í arf erlendis, skv. 10. tölul. 1. mgr. 6. gr. tollalaga.
- i. Farmskrár, farmbréf, vörureikningar, pökkunarlistar, útskriftir o.þ.h., einnig á tölvumiðlum, sem sent er farmflytjendum, tollmiðlurum, bönkum og öðrum til eigin nota endurgjaldslaust og hefur ekkert viðskiptalegt gildi.
- j. Vörur sem eru endursendar hingað frá útlöndum vegna þess að þær seldust ekki þar eða eru endursendar hingað frá útlöndum af öðrum orsökum skulu undanþegnar gjöldum, enda séu að mati tollyfirvalda færðar fullnægjandi sönnur fyrir því að um sé að ræða vörur útfluttar héðan sem aðflutningsgjöld hafa ekki verið endurgreidd af við útflutning, sbr. 6. tölul. 1. mgr. 6. gr. tollalaga.
- k. Endursendar tómar umbúðir skulu undanþegnar gjöldum, enda séu að mati tollyfirvalda færðar fullnægjandi sönnur fyrir því að um sé að ræða umbúðir utan af vörum útfluttum héðan, sbr. 7. tölul. 1. mgr. 6. gr. tollalaga.
- l. Tæki og annar búnaður skv. b-lið 2. tölul. 1. mgr. 7. gr. tollalaga, sem vísindamenn, listamenn og aðrir hafa meðferðis frá útlöndum til afnota hér við athuganir sínar, rannsóknir og starfsemi.
- m. Vörur sem reynast gallaðar eða hafa eyðilagst, sbr. 8. tölul. 1. mgr. 7. gr. tollalaga.
- n. Verðlaus sýnishorn verslunarvara og auglýsingaefnis, hugbúnaðargögn send endurgjaldslaust m.a. til þróunar hugbúnaðar, verðlaus bréf, bæklingar o.fl., sbr. 11. tölul. 1. mgr. 6. gr. tollalaga.
- o. Póstsendingar til aðila sem hafa leyfi til pósthlutninga, sbr. lög nr. 19/2002 um pósthjónustu.
- p. Bifreiðar á íslenskum skrásetningarnúmerum sem viðkomandi hefur tekið með sér úr landi og er að flytja aftur til landsins, sbr. 6. tölul. 6. gr. tollalaga.
- q. Eigin listaverk listamanna skulu undanþegin virðisaukaskatti við innflutning, sbr. 4. tl. 1. mgr. 36. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Innihaldi búslóð skv. e. lið 1. mgr. sjónvarpstæki, fjarskiptatæki, símtæki, skotvopn o.þ.h. er heimilt þrátt fyrir 1. mgr. að skila einfaldaðri aðflutningsskýrslu enda liggi leyfi viðeigandi stofnunar fyrir.

Viðeigandi fylgiskjöl, s.s. farmbréf, pósthylgibréf, vottorð um búsetuskipti o.s.frv. skulu liggja til grundvallar einföldum tollskýrslum.

Tollstjórinn í Reykjavík getur ákveðið að einföld tollskýrsla sé notuð í öðrum hliðstæðum tilvikum.

VI. KAFLI

Umflutningur.

48. gr.

Umflutningur.

Með umflutningi í þessum kafla er átt við flutning vöru innanlands frá komufari um borð í útflutningsfar undir tolleftirliti, enda sé upphaflegur ákvörðunarstaður vörunnar annar en Ísland.

49. gr.

Umflutningstilkynningar.

Farmflytjandi skal tilkynna tollstjóra um flutning og vörslu vöru áður en umflutningur á sér stað. Tollstjórinn í Reykjavík getur sett nánari fyrirmæli um umflutningstilkynningar.

50. gr.

Yfirfærsla ábyrgðar vörsluhafa.

Umflutningur sendingar er á ábyrgð þess farmflytjanda sem flutti hana til landsins. Honum er heimilt að afhenda öðrum farmflytjanda sendinguna til útflutnings gegn staðfestingu á móttöku hennar. Flyst þá ábyrgð á útflutningi sendingarinnar til þess farmflytjanda.

51. gr.

Varðveisla umflutningsskjala.

Farmflytjendur og tollmiðlarar skulu varðveita í bókhaldi sínu umflutningstilkynningar og önnur skjöl varðandi umflutninginn, m.a. farmbréf.

VII. KAFLI

Tollverð vöru.

52. gr.

Almennt.

Tollverð, ákvarðað skv. 14. og 15. gr. tollalaga og ákvæðum kafla þessa, er það verðmæti sem lagt skal til grundvallar við tollmeðferð vöru vegna innflutnings, umflutnings og útflutnings.

Aðalgrundvöllur tollverðs er viðskiptaverð vöru, sbr. 1. mgr. 14. gr. tollalaga. Verði tollverð ekki ákvarðað á grundvelli viðskiptaverðs, skal það ákvarðað skv. 57.-62. gr. Sama gildir þegar ekkert er greitt fyrir vöru eða greiðsla er einungis til málamynda.

Kostnaðarliðir og gjöld sem um ræðir í 2. mgr. 15. gr. tollalaga, þ.e. flutningskostnaður, gjöld fyrir fermingu, affermingu eða aðra meðferð vöru vegna flutnings til innflutningsstaðar og váttryggingarkostnaður í tengslum við flutning vöru til innflutningsstaðar, skulu innifalin í tollverði, án tillits til þess hvort kostnaðarliðirnir og gjöldin séu raunverulega greidd eða ekki, enda sé unnt að ákvarða þau á grundvelli hlutlægra og mælanlegra atriða.

53. gr.

Skilgreiningar.

Við ákvörðun tollverðs skv. kafla þessum skulu eftirtalin orð og orðasambönd skilgreind svo:

- a. *Sams konar vörur*: Vörur sem eru eins í öllu tilliti, þ.m.t. að einkennum, gæðum og orðspori. Minni háttar útlistmunur útilokar ekki vörur frá því að teljast vera sams konar.
- b. *Svipaðar vörur*: Vörur sem ekki eru eins í öllu tilliti, en hafa þó svipuð einkenni og svipaða efnishluta og geta því þjónað sama tilgangi og komið hver í annarrar stað í viðskiptum. Gæði varanna, orðspor og hvort þær eiga sér vörumerki er meðal þeirra þátta sem athuga verður þegar ákvarðað er hvort vörur séu svipaðar.
- c. *Vörur í sama gæðaflokki eða sömu tegundar*: Vörur sem teljast til vöruflokka eða vörusviðs sem framleitt er í tilteknum iðnaði eða iðngrein, og tekur til sams konar eða svipaðra vara.
- d. *Tegund ökutækis*: Heiti ökutækis, ákvarðað af framleiðanda.
- e. *Undirtegund ökutækis*: Orð, bókstafir eða tölur sem eru festar utan á ökutæki eða fram koma í upplýsingum framleiðanda. Orð, bókstafir eða tölur sem eru hluti af tegundarheiti teljast ekki með undirtegundarheiti.

Orðasamböndin í b- og c-lið taka ekki til vara sem fela í sér eða gefa til kynna verkfræðivinnu, þróun, listverk, hönnun, áætlanir og uppdrætti sem ekkert tillit hefur verið tekið til við verðleiðréttingu skv. d-lið 2. tölul. 1. mgr. 15. gr. tollalaga þar eð þeir þættir voru unnir hérlandis.

Vörur skal ekki telja *sams konar vörur* eða *svipaðar vörur* nema þær hafi verið framleiddar í sama landi og vara sú sem verið er að virða.

Við ákvörðun tollverðs skal því aðeins taka til greina vörur framleiddar af öðrum aðila að ekki séu fyrir hendi neinar *sams konar* eða *svipaðar vörur* framleiddar af sama aðila og vara sú sem verið er að virða.

Við verðákvörðun skv. 62. gr. er heimilt að beita hugtökunum *sams konar vörur* og *svipaðar vörur* með eðlilegum sveigjanleika í því skyni að ná fram markmiðum greinarinnar.

Tengsl kaupanda og seljanda.

54. gr.

Þegar ákvarða skal hvort viðskiptaverð sé nothæft skv. 1. mgr. 14. gr. tollalaga á það ekki í sjálfu sér að valda því að viðskiptaverð sé talið ónothæft að kaupandi og seljandi eru hvor öðrum háðir í skilningi 2. mgr. sömu greinar. Í því tilviki skal tollstjóri kanna kringumstæður við söluna og samþykkja viðskiptaverðið ef tengslin hafa ekki haft áhrif á verðið.

55. gr.

Við sölu milli háðra aðila skal samþykkja viðskiptaverðið og ákvarða tollverð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 14. gr. tollalaga, enda sýni innflytjandi fram á, sé þess krafist af tollstjóra, að verðið sé sambærilegt við eitthvert neðangreint verð sem fyrir kemur á sama eða svipuðum tíma:

- Viðskiptaverð við sölu til óháðra kaupenda á *sams konar* eða svipuðum vörum til landsins.
- Tollverð *sams konar* eða svipaðra vara eins og það er ákvarðað skv. 60. gr.
- Tollverð *sams konar* eða svipaðra vara eins og það er ákvarðað skv. 61. gr.

Þegar framangreindum könnunum er beitt skal taka tillit til mismunar sem sýnt er fram á varðandi viðskiptastig, magn, atriði talin upp í 15. gr. tollalaga og kostnað sem seljandi verður fyrir við sölu þar sem hann og kaupandi eru óháðir hvor öðrum, en seljandi verður ekki fyrir við sölu þar sem hann og kaupandi eru háðir hvor öðrum.

Kannanir sem um ræðir í þessari grein skal nota að frumkvæði innflytjanda og eingöngu til viðmiðunar. Annað verð í staðinn má ekki ákvarða samkvæmt þessari grein.

56. gr.

Véfenging á viðskiptaverði.

Telji tollstjóri ástæðu til að draga í efa eða staðreyna sannleiksgildi upplýsinga er fram koma í tollskýrslu eða fylgiskjölum um viðskiptaverð vöru og önnur þau atriði sem um ræðir í 14. gr. tollalaga og þess sem bæta skal við tollverð samkvæmt ákvæðum 15. gr. laganna, getur hann krafist þann sem ábyrgð ber á viðkomandi upplýsingum, sbr. VIII. kafla tollalaga, um nánari skýringar eða gögn til sönnunar því, að viðskiptaverðið sé réttilega tilgreint. Dragi tollstjóri sannleiksgildi upplýsinga um viðskiptaverðið í efa, þrátt fyrir framkomnar skýringar eða gögn eða ef frekari skýringar eða gögn eru ekki látnar tollstjóra í té innan hæfilegs frests, verður viðskiptaverð vöru ekki lagt til grundvallar við ákvörðun tollverðs. Ákvörðun um tollverð fer þá eftir ákvæðum 57.-62. gr. reglugerðarinnar, sbr. og 115. gr. tollalaga.

Tollverð vöru þegar viðskiptaverð verður ekki lagt til grundvallar.

57. gr.

Sé ekki hægt að ákvarða tollverð vöru skv. 14. gr. tollalaga skal tollverðið vera viðskiptaverð *sams konar* vara sem seldar hafa verið og fluttar til landsins á sama eða svipuðum tíma.

Þegar ákvæðum þessarar greinar er beitt, skal við ákvörðun tollverðs nota viðskiptaverð sams konar vara við sölu á sama viðskiptastigi og í sem næst sama magni og varan sem verið er að virða. Finnist slík sala ekki, skal nota viðskiptaverð sams konar vara við sölu á öðru viðskiptastigi eða í öðru magni, leiðrétt þannig, að tekið sé tillit til þess mismunar er leiðir af viðskiptastiginu eða magninu, enda sé hægt að gera slíka leiðréttingu á grundvelli framkominna gagna sem leiði skýrt í ljós að hún er réttmæt og nákvæm, hvort sem hún leiðir til hækkunar eða lækkunar verðsins.

Þegar kostnaðarliðir og gjöld, sem um ræðir í 15. gr. tollalaga, eru innifalin í viðskiptaverði skal við leiðréttingu taka tillit til verulegs mismunar á þessum kostnaðarliðum og gjöldum milli hinnar innfluttu vöru og sams konar viðmiðunarvara sem rekja má til mismunandi vegalengda og flutningsmáta.

Finnist við beitingu ákvæða þessarar greinar meira en eitt viðskiptaverð á sams konar vörum, skal nota lægsta verðið við ákvörðun á tollverði vörunnar.

58. gr.

Verði tollverð vöru hvorki ákvarðað skv. 14. gr. tollalaga né 57. gr. reglugerðar þessarar skal það vera viðskiptaverð svipaðra vara sem seldar eru og fluttar til landsins á sama eða svipuðum tíma og varan sem verið er að virða.

Ákvæði 2.-4. mgr. 57. gr. skulu gilda eftir því sem við á þegar tollverð er ákvarðað samkvæmt þessari grein.

59. gr.

Verði tollverð vöru ekki ákvarðað skv. ákvæðum 14. gr. tollalaga, 57. gr. reglugerðar þessarar eða 58. gr. hennar skal ákvarða það skv. 60. gr. eða, þegar ekki er unnt að ákvarða tollverð samkvæmt þeirri grein, skv. 61. gr., en þó skal fyrr beitt ákvæðum 61. gr. en 60. gr. ef innflytjandi óskar þess.

60. gr.

Sé innflutt vara eða sams konar eða svipaðar vörur seldar hérlandis í því ástandi sem þær voru fluttar inn, skal miða tollverð hinnar innfluttu vöru samkvæmt ákvæðum þessarar greinar við það einingarverð sem hún eða sams konar eða svipaðar innfluttar vörur eru seldar á í mesta heildarmagni, á sama eða svipuðum tíma og varan sem verið er að virða var flutt inn, til aðila sem óháðir eru þeim sem þeir kaupa vörurnar af, en þó að frádregnum eftirtöldum liðum:

- a. Annaðhvort þeim umboðslaunum sem venjulega eru greidd eða samþykkt er að greiða eða því sem venjulega er bætt við sem ágóðahlut og almenn útgjöld í tengslum við sölu hérlandis á innfluttum vörum í sama gæðaflokki eða sömu tegundar.
- b. Venjulegum flutningskostnaði og vátryggingu og skyldum kostnaði sem leggst á vöru hérlandis.
- c. Kostnaðarliðum og gjöldum sem getið er í 2. mgr. 15. gr. tollalaga, eftir því sem við á.
- d. d. Tollum og öðrum gjöldum sem greiða ber hér á landi vegna innflutnings eða sölu vörunnar.

Séu hvorki hin innflutta vara né sams konar eða svipaðar innfluttar vörur til sölu á sama eða svipuðum tíma og varan sem virða á er flutt inn, skal miða tollverðið, að uppfylltum öðrum skilyrðum 1. mgr., við það einingarverð sem hin innflutta vara eða sams konar eða svipaðar innfluttar vörur eru seldar á hérlandis í því ástandi sem þær voru fluttar inn, hið fyrsta eftir innflutning þeirrar vöru sem verið er að virða, en þó innan 90 daga frá innflutningi.

Séu hvorki hin innflutta vara né sams konar eða svipaðar innfluttar vörur seldar hérlandis í því ástandi sem þær voru fluttar inn, skal miða tollverðið, ef innflytjandi óskar þess, við það einingarverð sem hin innflutta vara eftir frekari aðvinnslu er seld á í mesta heildarmagni til aðila hérlandis sem óháðir eru þeim sem þeir kaupa vörurnar af, enda sé tekið tillit til virðisauka vegna aðvinnsunnar og frádráttarliða sem gert er ráð fyrir í 1. mgr.

61. gr.

Tollverð innfluttrar vöru skal byggja á reiknuðu verði samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Reiknað verð skal mynda með samtölu eftirtalinna þátta:

- a. Kostnaðarverðs eða verðmætis efnivara og tilbúnings eða annarrar aðvinnslu sem notuð er við framleiðslu hinnar innfluttu vöru.

- b. Upphæðar vegna ágóðahlutar og almennra útgjalda er jafngildir því sem venjulega leggst á vörur í sama gæðaflokki eða sömu tegundar og sú sem verið er að virða og fellur í hlut framleiðenda í útflutningslandinu við útflutning hingað.
- c. Kostnaðar eða verðmætis allra annarra útgjaldaliða sem nauðsynlegir eru til að verðið verði sambærilegt við tollverð skv. 14. og 15. gr. tollalaga, svo sem kostnaður skv. 2. mgr. 15. gr. tollalaga.

62. gr.

Verði tollverð innfluttrar vöru ekki ákvarðað skv. 14. gr. tollalaga eða 57.-61. gr. reglugerðarinnar, skal ákvarða það með rökréttum hætti samkvæmt meginreglum og almennum ákvæðum samnings um framkvæmd VII. gr. hins almenna samnings um tolla og viðskipti 1994 og á grundvelli fáanlegra upplýsinga hér á landi.

Eigi skal ákvarða tollverð samkvæmt ákvæðum þessarar greinar á grundvelli eftirtalins:

- a. Söluverðs hérlandis á vörum sem framleiddar eru hérlandis.
- b. Fyrirkomulags sem gerir ráð fyrir að samþykkt sé í tollalegu tilliti hið hærra verð þegar tvenns konar verð kemur til greina.
- c. Vöruverðs á heimamarkaði í útflutningslandinu.
- d. Framleiðslukostnaðar, annars en reiknaðs verðs sem hefur verið ákvarðað fyrir sams konar eða svipaðar vörur í samræmi við ákvæði 61. gr.
- e. Útflutningsverðs vörunnar til annars lands en Íslands.
- f. Lágmarkstollverðs.
- g. Verðs sem ákveðið er að geðþótta eða er tilbúið.

Sérákvæði vegna innflutnings ökutækja.

63. gr.

Ákvæði kafla þessa gilda um ákvörðun tollverðs ökutækja sem flokkast undir vöruliði nr. 8701-8706 og 8711 í tollskrá.

64. gr.

Tollstjórinn í Reykjavík skal safna saman upplýsingum frá hlutlausum aðilum erlendis frá um viðmiðunarverð ökutækja í þeim löndum sem helst má vænta innflutnings frá og sjá til þess að tollstjórar hafi aðgang að upplýsingum þessum.

Við tollafgreiðslu ökutækis skal bera viðskiptaverð í tollskýrslu eða fylgiskjölum saman við viðmiðunarverð ökutækja af sömu tegund, undirtegund og árgerð í því landi þar sem ökutækið var keypt. Kanna skal hvort viðskiptaverð ökutækis sem um ræðir sé óeðlilega lágt miðað við ástand þess, innflutningsverð sams konar ökutækis sem flutt er eða hefur verið flutt til landsins á sama tíma eða markaðsverðs sambærilegra ökutækja erlendis.

Sé réttmæt ástæða til að draga í efa sannleiksgildi tollskýrslu eða fylgiskjala, skal um málsmeðferð fara eftir ákvæðum 56. gr.

65. gr.

Við ákvörðun tollverðs skv. 62. gr., þegar ekki reynist unnt að ákvarða tollverð ökutækis á grundvelli 14. gr. tollalaga eða 57.-61. gr. reglugerðarinnar, skal tollverð vera viðmiðunarverð nýs ökutækis af sömu tegund og undirtegund eins og það er tilgreint í bifreiðaskrá ríkisskattstjóra, reiknað út samkvæmt ákvæðum 66. gr.

66. gr.

Við útreikning tollverðs skv. 65. gr. skal fyrst áætla líklegt fob-verð nýs ökutækis af sömu tegund og undirtegund með þeim hætti að af útsöluverði ökutækisins, skv. bifreiðaskrá ríkisskattstjóra, er afreiknaður virðisaukaskattur, álagning seljanda sem skal áætluð 12%, vörugjald, svo og áætluð fjárhæð gjalda þeirra sem innifalin eru í tollverði skv. 2. mgr. 15. gr. tollalaga.

Þegar líklegt fob-verð nýs ökutækis hefur verið fundið út skv. 1. mgr., skal það fyrnt vegna aldurs hins innflutta ökutækis, þannig:

- a. Af ökutækjum að heildarþyngd 5 tonn eða meira og af grindum með hreyfli fyrir þessi ökutæki: 1,2% fyrir hvern byrjaðan mánuð í 12 mánuði og 1% fyrir hvern mánuð eftir það þar til náð hefur verið 90% fyrningu sem er hámarks fyrning.
- b. Af öllum öðrum ökutækjum sem flokkast undir tollskrárnúmer upptalin í 63. gr.: 1,5% fyrir hvern byrjaðan mánuð í 12 mánuði, 1% fyrir næstu 24 mánuði og 0,5% fyrir hvern mánuð eftir það þar til náð hefur verið 90% fyrningu sem er hámarks fyrning.

Upphaf fyrningar samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar, skal vera sá mánuður er ökutækið var skráð fyrstu opinberri skráningu erlendis, en lok fyrningar skal vera komumánuður flutningsfars til landsins. Þó skal heimilt, ef dagsetning fyrstu skráningar ökutækis erlendis kemur ekki fram í skráningarskírteini þess og ekki er unnt að fá opinbera staðfestingu á fyrsta skráningardegi, að telja upphaf fyrningar frá 1. júlí þess árs sem er af framleiðanda yfirlýst árgerðarár.

Er verð ökutækis hefur verið afreiknað og fyrnt samkvæmt ákvæði þessu, skal bæta við verðið gjöldum þeim sem innifalin skulu í tollverði samkvæmt 2. mgr. 15. gr. tollalaga.

67. gr.

Sé talið að ákvörðun tollverðs á grundvelli 65.-66. gr. gefi ekki rétta mynd af verðmæti ökutækis þar sem ástand ökutækisins er verra en leiðir af eðlilegri fyrningu, er tollstjóra heimilt að ákveða lækkun tollverðs, enda sýni innflytjandi fram á að verðmæti ökutækisins sé minna en venjulegra ökutækja sömu tegundar og af sömu árgerð, svo sem vegna tjóns eða mikils aksturs. Tollstjóri getur við matið tekið tillit til væntanlegs viðgerðarkostnaðar.

68. gr.

Sé verð ökutækis af sömu tegund og undirtegund og það ökutæki sem flutt er til landsins ekki að finna í bifreiðaskrá ríkisskattstjóra, skal ákvarða líklegt útsöluverð nýs ökutækis af þeirri tegund sem flutt er inn, og tollverð reiknað út skv. 66. gr.

69. gr.

Flytji maður, sem hefur verið búsettur erlendis, hingað til lands til búsetu og hefur með sér ökutæki skal heimilt að fyrna verð ökutækisins samkvæmt framlögðum vörureikningi fyrir hvern byrjaðan mánuð frá dagsetningu vörureiknings og til komumánaðar flutningsfars. Skal fyrningarhlutfall á mánuði ráðast af aldri ökutækisins, í samræmi við ákvæði b-liðar 2. mgr. 66. gr. Heimild þessi tekur þó ekki til ökutækja að heildarþyngd þrjú tonn eða meira.

Leggi aðili skv. 1. mgr. ekki fram vörureikning við tollafgreiðslu ökutækis fer ákvörðun tollverðs eftir 54.-62. gr., sbr. 65. og 66. gr. Sé tollverð notaðs ökutækis ákvarðað skv. 66. gr., skal heimilt að fyrna líklegt fob-verð um 1,5% fyrir hvern byrjaðan mánuð í 12 mánuði og 1% fyrir hvern mánuð eftir það, þar til 90% fyrningu hefur verið náð, sem er hámarks fyrning.

70. gr.

Tollstjórinn í Reykjavík getur gefið nánari fyrirmæli um framkvæmd mats á ökutækjum samkvæmt reglugerð þessari.

VIII. KAFLI Tollafgreiðslugengi.

71. gr.

Sé tollverð eða einhver hluti þess við innflutning eða útflutning á vöru tilgreindur í erlendum gjaldmiðli skal breyta því eða hluta þess í íslenskar krónur miðað við tollafgreiðslugengi eins og það er ákveðið samkvæmt þessari grein.

Við tollafgreiðslu sendinga í sérhverjum almanaksmánuði skal ákvörðun tollverðs byggð á tollafgreiðslugengi eins og það er ákveðið á 28. degi undanfarandi mánaðar.

Tollafgreiðslugengi skal miða við opinbert viðmiðunargengi sem skráð er af Seðlabanka Íslands 28. hvers mánaðar. Tollafgreiðslugengi vegna innflutnings er sölugengi en kaupgengi vegna útflutnings. Beri hinn 28. upp á helgidag eða almennan frídag verður tollafgreiðslugengi miðað við opinbert viðmiðunargengi Seðlabanki Íslands eins og það var skráð síðasta virkan dag á undan. Tollafgreiðslugengi þeirra gjaldmiðla sem Seðlabanki Íslands tekur ekki til opinberrar skráningar skal ákvarðað af tollstjóranum í Reykjavík á sama degi að höfðu samráði við Seðlabanka Íslands.

IX. KAFLI

Ýmis ákvæði um greiðslu aðflutningsgjalda.

72. gr.

Almennt.

Greiða ber í einu lagi aðflutningsgjöld af vörum sem skráðar eru í sama sendingarnúmer nema sendingu sé skipt upp skv. 8. gr. eða 9. gr. eða vörurnar hafi verið fluttar í tollvöruheymslu, í tollfrjálsa verslun, í tollfrjálsa forðageymslu eða á frísvæði.

Hafi vara verið sett í tollvöruheymslu er heimilt að greiða aðflutningsgjöld miðað við úttekt vara hverju sinni samkvæmt úttektarbeiðni.

73. gr.

Greiðslumáti aðflutningsgjalda.

Aðflutningsgjöld má greiða samkvæmt gíröseðli sem sendur er innflytjanda í lok uppgjörstímabils.

Greiðsla aðflutningsgjalda telst jafnframt fullnægjandi ef:

1. Greitt er í banka, sparisjóði eða pósthúsi í síðasta lagi á gjalddaga.
2. Póstlögð greiðsla hefur borist tollstjóra í síðasta lagi á gjalddaga.
3. Millifærsla er framkvæmd í heimabanka á gjalddaga.
4. Beri gjalddaga upp á helgidag eða almennan frídag færist gjalddagi á næsta virkan dag á eftir.

X. KAFLI

Ýmis ákvæði.

74. gr.

Tollflokkun.

Um tollflokkun vöru fer eftir almennum reglum um túlkun tollskrár, sbr. viðauka I við tollalögin.

Fyrstu sex stafirnir í átta stafa tollskrárnúmerum tollskrárinnar eru í samræmi við vöruflokkunarkerfi Alþjóða tollastofnunarinnar sem Ísland er skuldbundið til að fylgja, sbr. auglýsingu nr. 25/1987. Skýringarritum og álitum Alþjóða tollastofnunarinnar um tollflokkun er ætlað að stuðla að samræmdri túlkun á flokkunarkerfi stofnunarinnar og geta verið til leiðbeiningar um tollflokkun samkvæmt íslensku tollskránni, enda þótt þau séu ekki bindandi að landsrétti.

Tollstjórar skulu veita aðilum, sem hagsmuna hafa að gæta, aðgang að skýringarritum og álitum Alþjóða tollastofnunarinnar ef þess er óskað vegna úrlausnar einstakra álitamála er varða tollflokkun vöru.

75. gr.

Stöðvun móttöku skeyta í tölvukerfi tollfyrivalda.

Tollstjórinn í Reykjavík getur ákveðið að stöðva móttöku skeyta sem send eru í eða úr tölvukerfi tollfyrivalda vegna breytinga á gjöldum, tollskrá, tollgengi eða af öðrum ástæðum sem gera það nauðsynlegt að hans mati.

76. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 16. gr., 3. mgr. 19. gr., 2. mgr. 22. gr., 4. mgr. 23. gr., 26. gr., 31. gr., 2. mgr. og 3. mgr. 36. gr., 2. mgr. 41. gr., 3. mgr. 58. gr., 71. gr., 1. og 4. mgr. 91. gr., 3. mgr. 94. gr., 3. mgr. 99. gr., 141. gr., 2. mgr. 189. gr., 190. gr. og 193. gr. tollalaga nr. 88/2005 og öðlast gildi 1. janúar 2007. Frá sama tíma falla úr gildi reglugerð nr. 41/1957, um tollheimtu og tolleftirlit, með síðari breytingum, reglugerð nr. 56/1961, um tollvörugæmslur, með síðari breytingum, reglur nr. 479/1988, um einfaldari tollskýrslugerð fyrir vörur á farmskrá sem njóta sérstakra tollfríðinda við innflutning, reglugerð nr. 61/1989, um greiðslustað, gjalddaga og fullnustu aðflutningsgjalda vegna tollmeðferðar á innfluttum vörum, með síðari breytingum, reglugerð nr. 527/1991, um frísvæði, reglugerð nr. 228/1993, um tollskýrslur og fylgiskjöl þeirra, með síðari breytingum, reglur nr. 117/1994, um fyrirspurnir um tollflokkun vöru, reglugerð nr. 374/1995, um tollverð og tollverðsákvörðun, með síðari breytingum, reglugerð nr. 107/1997, um greiðslu kostnaðar vegna tollafgreiðslu utan almenns afgreiðslutíma eða utan aðaltollhafna og vegna sérstakrar tollmeðferðar vöru, með síðari breytingum, reglugerð nr. 445/1997, um tollafgreiðslu hraðsendinga, með síðari breytingum, reglur nr. 550/1997, um útfyllingu aðflutningsskýrslu og gjaldfærslu aðflutningsgjalda þegar miðlari kemur fram gagnvart tollyfirvöldum við tollafgreiðslu í umboði innflytjanda, auglýsing nr. 631/1997, um tölvuvædda tollafgreiðslu vegna útflutnings og eyðublöð fyrir útflutningsskýrslur, auglýsing nr. 662/1997, um skráningu farmflytjenda á innfluttum og útfluttum vörum og skil á farmskrám, reglugerð nr. 723/1997, um tollafgreiðslugengi, með síðari breytingum, reglugerð nr. 390/1999, um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum, með síðari breytingum, reglugerð nr. 709/2000, um tollmeðferð póstsendinga, með síðari breytingum, reglugerð nr. 858/2000, um SMT-tollafgreiðslu, með síðari breytingum, og auglýsing nr. 591/2004, um skráningu magntölu vara í aðflutnings- og útflutningsskýrslu.

Fjármálaráðuneytinu, 22. desember 2006.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Lilja Sturludóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.